

framferði og aga,
skyldur skólastjóra og kennara,
afskifti yfirstjórnar skólans.

15. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda í viðtöku nýsveina í 1. bekk 1923 og færast með þeim bekkjarsveinum smámsaman yfir allan skólann jafnóðum sem þeir útskrifast, sem nú eru í skólanum, síðastir þeir, er flytjast upp í annan bekk á vori komanda.

Greinargerð.

Sú umbót á skólanum, sem hjer er farið fram á, má eigi dragast, og verður því þetta þing að minsta kosti að koma fram þeirri höfuðbreytingu, að hann verði samfeldur sex ára lærður skóli. Á það legg jeg höfuðáhersluna, því að samband hans við gagnfræðaskólana er mjög svo skadlegt. Hin önnur atriði hefi jeg selt svo sem mjer þykir vera eiga, en þótt eigi gengi fram óbreytt, þætti mjer vel fara, ef höfuðatriðið næst. Jeg hefi samið þetta frumvarp með hlíðsjón af frumvarpi milliþinganeíndarinnar, en hefi þó gert smábreytingar á því.

(B. XI, 5).

Ed. 135. Frumvarp

til laga um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 46, með breytingunni á þskj. 117.

(A. XIII, 9).

Ed. 136. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

6. gr. orðist þannig: Skattgjald þeirra, sem ræðir um í 1. og 2. gr., reiknast þannig: Ef hinn skattskyldi hluti tekna þeirra er undir 500 kr., greiðist af honum 0,6%.

Hvítasunnuleyfi frá laugardegi fyrir hvítasunnu til þriðja í hvítasunnu.
Sumardagurinn fyrsti.

Afmælisdagur konungs og 17. júní.

Mánaðarleyfi, einn dagur í hverjum mánuði.

Öðrum leyfum ræður skólastjóri.

9. gr.

Kensluna annast kennarar, sem fullnægja skilyrðum þessara laga. Þeir skulu vera svo margir, að engi þeirra þurfi að kenna meira en 24 stundir á viku, en skólastjóri 14. Skulu þeir vera skipaðir embættismenn og laun þeirra ákveðin í launalögum. Stundakennara má taka í viðlögum og um skamman tíma.

10. gr.

Krefjast skal af kennurum, er skipaðir vilja verða, að þeir hafi staðist kunnátturaun í kenslugreinum sínum í einhverjum háskóla, er kenslumálaráðuneytið telur fullgildan, eða sýni með öðrum hætti, að þeir sjeu starfanum vaxnir, að þeir sjeu eigi haldnir af nænum sjúkdómum, og að þeir hafi með eins árs reynslu sýnt, að þeir hafi þá skapshöfn, sem kennurum er nauðsynleg.

11. gr.

Skólastjóri skal ráða lækni handa skólanum með samþykki kenslumálaráðherra. Skólalæknir skal skoða alla nemendur að haustinu og gæta þess, að enginn sje í skólanum haldinn þeim sjúkdómum, sem hælt er við, að hann beri á skólasystkini sín, og skoðunargerð skal hann hafa á miðjum vetri og auk þess hvert sinn, er hann telur þörf á.

12. gr.

Laun skólastjóra og kennara eru ákveðin í launalögum, lækni skal borga eftir samningi.

13. gr.

Yfirstjórn skólans er í höndum kenslumálaráðuneytisins, er gerir allar meiri háttar ráðstafanir áhrærandi skólann eftir tillögum skólastjóra og kennarafundar. Að öðru leyti stjórnar skólastjóri skólanum í samráði við kennarana, er hann kveður til fundar þá honum þurfa þykir.

14. gr.

Skólastjóri semur skólafyrirsögn með ráði kennarafundar og samþykki kenslumálaráðuneytisins. Í skólafyrirsögn eru fyriræli um:

kenslu í skólanum,
kunnátturaunir og flutning milli bekkja,
viðtökuraun,
kenslutíma,

leikfimi og glimur. Auk þess skal gefa nemendum kost á að nema handiðir. Íslensk tunga og latnesk skulu vera höfuðnámsgreinar í 4 neðri bekkjunum og í málfræðideild, en stærðfræði er höfuðnámsgrein í stærðfræðideild.

4. gr.

Viðtöku í skólann fá engir, sem eru yngri en 12 ára, engir, sem haldnir eru af næmum sjúkdómum eða öðrum kvillum, sem eru hættulegir öðrum, engir, nema óspilt mannorð hafi, og engir, nema þeir sýni kunnáttuvottorð frá kennara eða skóla.

Hver sá, er vill fá viðtöku í 1. bekk, verður að standast kunnátturaun í íslenskri tungu og íslenskum stil og helstu málfræðiatríðum, í latneskri tungu og latneskum stil og meginatriðum latneskrar málfræði, í reikningi og sögu Íslands og sýna, að hann skilji sæmilega sænsku eða ríkisnorsku eða dönsku. Skrifu skal hann og læsilega.

Nú vill maður fá viðtöku í einhvern annan bekk en 1. bekk, og skal hann þá standast sömu reynd sem væntanlegir bekkjunautar hans.

5. gr.

Í skólanum eru tvær kunnáttureyndir á hverju ári, ársreynd í hverjum bekk og fullnemareynd (stúdentspróf).

Við allar lögskipaðar kunnáttureyndir í skólanum skulu vera þrjú kunnáttudómarar í hverri námsgrein: kennari í þeirri námsgrein, sem reynt er í, og einhver annar kennari skólans og þriðji maður, skipaður af kenslumálaráðuneytinu.

6. gr.

Kunnáttu skal meta eftir einkunnastiga Órsted's með sama hætti sem tíðkaður var í lærða skólanum áður, meðan metið var eftir þessum einkunnastiga. Einkunnir skulu vera sem þá var: ágætiseinkunn, fyrsta einkunn, önnur einkunn og þriðja einkunn, reiknaðar í stigatali með sama hætti sem þá.

Við ársreynd og fullreynd eru gefnar einkunnir í öllum námsgreinum, að undanskildum söng, leikfimi og handiðum.

7. gr.

Skólastjóri ákveður stundafjölda og skifting kenslunnar með ráði kennarafundar. Skal þó íslensku og latnesku ætlaður hálfu meiri tími en öðrum málum, og stíltímar að auki, svo og stærðfræðinni í stærðfræðideildinni. Hálfu meiri tíma skal og verja til leikfimi og íþróttá en verið hefir.

8. gr.

Skólaárið skal telja frá 1. október, og eru þessi leyfi lögboðin:

Sumarleyfi 1. júlí til 30. september.

Jólaleyfi 23. desember til 2. janúar.

Öskudagurinn.

Páskaleyfi frá miðvikudegi fyrir skírdag til þriðja í páskum.

Takmörkin, sem sett eru í frv. á milli hinna nýju kjördæma, falla mjög vel saman við atvinnureksturinn og ábugamálin, jafnframt því, sem kjósendatalan er því nær jöfn.

Samkvæmt alþingiskjörskrár þeim, sem nú gilda, er kjósendatalan í kjördæminu sem hjer segir:

Í Grimseyjarhreppi ...	30	kjósendur
- Siglufirði	495	—
- Ólafsfjarðarhreppi ...	174	—
- Svarfaðardalshreppi.	414	—
- Arskógarhreppi	233	—
- Arnarneshreppi	225	—
- Skriðuhreppi	101	—
- Öxnadalshreppi	69	—
- Glæsibæjarhreppi ...	283	—
- Hrafnagilshreppi ...	144	—
- Saurbæjarhreppi ...	265	—
- Öngulsstaðahreppi...	204	—
		<hr/>
	Samt.	2637 kjósendur

(B. XLI, 1).

Nd.

134. Frumvarp

til laga um lærða skólann í Reykjavík.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogu.

1. gr.

Í hinum lærða skóla skulu nemendur fá nauðsynlega undirstöðukunnáttu undir æðra nám og þann þroska, sem þarf til þess að leggja stund á vísindi í háskólum og öðrum æðstu lærdómsstofnunum.

2. gr.

Námi í skólanum skal skift niður á 6 bekki og 6 ár. Læra allir saman í fjórum neðri bekkjunum, en í tveim efstu bekkjunum eru tvær deildir, málfræðideild og stærðfræðideild, er velja skal á milli.

3. gr.

Kenna skal íslensku og sögu íslenskra bókmenta, ensku, þýsku, frakknesku og latneska tungu, sagnfræði, eðlisvísindi (dýrafræði, grasafræði, steinafræði og kristallafræði, stjörnufræði og efnafræði), stærðfræði, teiknun, söng,

(B. XL, 1).

Ed.

133. Frumvarp

til laga um skiftingu Eyjafjarðarsýslukjördæmis í tvö kjördæmi.

Flutningsm.: Einar Arnason.

1. gr.

Lögsagnarumdæmi Siglufjarðar, ásamt Grímseyjar-, Ólafstjarðar-, Svarf- aðardals- og Árskógarhreppum í Eyjafjarðarsýslu, skal vera sjerstakt kjördæmi og kjósa 1 þingmann. Það heitir Siglufjarðarkjördæmi.

Arnarnes-, Skriðu-, Öxnadals-, Glæsibæjar-, Hrafnagils-, Saurbæjar- og Öngulsstaðahreppar í Eyjafjarðarsýslu skulu vera sjerstakt kjördæmi og kjósa 1 þingmann. Það heitir Eyjafjarðarkjördæmi.

2. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda við næstu óhlutbundnar kosningar.

Greinargerð.

Siglufjarðarkaupstaður hefir á undanförnum árum leitað þess, að vera gerður að sjerstöku kjördæmi með einum þingmanni. Hefir það mál verið flutt á Alþingi, en ekki gengið fram. Mun mega telja vonlitið, að þingið gangi inn á þá braut að bæla við þingmannatöluna vegna Siglufjarðar. Hinsvegar sýnist ekkert geta verið því til fyrirstöðu, að Eyjafjarðarsýslukjördæmi sje skilt í tvö einmenniskjördæmi, því það myndi ekki hafa í för með sjer neinn aukinn kostnað fyrir rikissjóð, og ekki heldur raska verulega þeim grundvelli, sem kjördæmaskipun landsins er nú byggð á. Vitanlega kemur ekki til mála, þegar kjördæminu er skift, að Siglufjörður einn verði kjördæmi út af fyrir sig; honum yrði að sjálfsögðu að fylgja hluti af Eyjafjarðarsýslu, svo kjösendatalan verði sem líkust í báðum kjördæmunum.

A þingmálatundi á Siglufirði 4. janúar síðastl. kom enn fram áskorun um, að hann yrði gerður að sjerstöku kjördæmi, og *til vara*, að kjördæminu verði skift. Var tillagan samþ. með 61 atkv. samhlj. Sömuleiðis var á þingmálatundi á Grund í Eyjafirði 30. jan. síðastl. samþykkt í einu hljóði tillaga um skiftingu kjördæmisins. Þetta frumvarp er því flutt í samræmi við vilja þingmálatunda í bæði ytri og innri hluta kjördæmisins.

Til skýringar skal þess ennfremur getið, að atvinnuvegir og áhugamál er mjög ólíkt og óskilt í þessum tveim hlutum kjördæmisins, þar sem í öðrum partinum er nær eingöngu stundaður landbúnaður, en í hinum er sjávarútvegur og verslun ráðandi atvinnuvegir.

Nd.

131. Breytingartillaga

við frumv. til laga um undanþágu frá lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi.

Frá Sveini Ólafssyni.

Við 1. gr.

A eftir orðunum »flutningi um landið« komi: fyrst um sinn til ársloka 1927.

(B. XLII, 1).

Ad. 137. Frumvarp

til laga um aukauppbót vegna sjerstakrar dýrtíðar.

Flutn.m.: Jakob Möller, Jón Baldvinsson, Jón Þorláksson og Magnús Jónsson.

1. gr.

Auk launabótar þeirrar, sem talin er í 33. gr. laga nr. 71 frá 23. nóv. 1919, skulu allir þeir, sem eiga rjett til launabótar samkvæmt þeirri grein og eru til heimilis í Reykjavík, fá aukauppbót vegna sjerstakrar dýrtíðar þar á staðnum, er nemi 25% af launaupphæðinni, þó eigi af hærri upphæð en 4500 krónum.

Uppbót þessa skal greiða frá 1. jan. 1923 og þar til öðruvísi verður ákveðið með lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Samband starfsmanna ríkisins hefir farið fram á, að veitt yrði auka-dýrtíðaruppbót þeim embættismönnum og starfsmönnum landsins, sem búsettir eru á þeim stöðum, þar sem dýrtíðin er meiri en annarsstaðar á landinu yfirleitt. Kemur þetta einkum til greina um Reykjavík. Færir sambandið þá ástæðu sjerstaklega fyrir því að bera málið fram nú, að lækkun launabótarinnar niður í 60% af launaupphæðinni um síðustu áramót sje miklu meiri en verðlækkun á nauðsynjum í Reykjavík á sama tíma, og sje þeim því ókleift að framfleyta sjer og fjölskyldum sinum á laununum nú, þar sem þetta hafi staðið hið tæpasta áður.

Þótt flutningsmenn hafi ekki tekið samskonar aukauppbót fyrir aðra staði en Reykjavík upp í frv., viðurkenna þeir, að ástæður muni vera fyrir hendi til þess að veita nokkra launauppbót, líklega eitthvað lægri en í Reykjavík, fyrir nokkra aðra kaupstaði landsins, og vænta, að það atriði verði tekið til ihugunar í nefnd.

ni dýrtíðaruppbótina riflegri; meðan verðlagið er sífeldum breytingum undir-
orpið hefir eigi þótt rjett að hækka föstu launin að neinu ráði, þar sem gera
má ráð fyrir, að erfðara yrði að lækka föst laun, þótt ástæða væri til vegna
verðlagsbreytingar síðar meir.

Um mistalningarfjeð leggur bankastjórnin til, að það sje hækkað úr
2000 kr. upp í 4000 kr., og er það minsta hækkun, sem komið getur til greina.
Að sama skapi sem viðskifti bankans vaxa eykst áhætta fjehirðanna að því er
snertir mistalningu, og eins og nú er verður eigi komist af með lægri upphæð
en þá, er hjer er stungið upp á. Ástæðan til þess, að hjer er lagt til, að eigi sje
föst skifting á mistalningarfjenu, er sú, að áhættan fer eingöngu eftir því, hvernig
störfunum er skift milli fjehirðanna. Þar sem sú skifting hlýtur að breytast
eftir því sem viðskifti bankans vaxa og breytast og eftir því hvernig heppileg-
legast er að skifta verkum, vegna þeirra manna, sem störfum gegna, þá er
augljóst, að eigi er unt fyrirfram um langt áraskeið að ákveða skiftingu mis-
talningarfjárins.

Þykir ekki vera ástæða til frekari greinargerðar, en nánar mun að
málinu vikið við flutning í deildinni.

(D. VII, 1).

Ed.

141. Fyrirspurn

til landsstjórnarinnar um skiftingu á veltufje, tapi og uppgjöfum bankanna
milli atvinnuvega og hjeraða.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

1. Hvernig skiftist veltufje Íslandsbanka, Landsbankans og veðdeildarinnar
milli kauptúna og sveita, landbúnaðar og sjávarútvegs, kaupmanna og
kaupfjelaga?
2. Hve mikið sje telur hver af þessum lánsstofnunum tapað hjá ofanefnd-
um lánþiggjendum, og hve mikið hjá hverjum einstökum þeirra?

(D. VIII, 1).

Ed.

142. Fyrirspurn

til landsstjórnarinnar um lán og ábyrgðir landssjóðs fyrir fjelög og einstaka
menn.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

1. Hve mikið sje hefir landssjóður lánað bæjarfjelögum, sveitarfjelögum, fje-
Alpt. 1923. A. (35. löggjafarþing).

lögum og einstökum mönnum? Hve nær voru lánin veitt og hve mikið stendur enn eftir af hverju einstöku af þeim?

2. Í hve miklum ábyrgðum er landssjóður fyrir bæjar- og sveitarfjelög, fjelög og einstaka menn? Hve nær var stofnað til ábyrgðanna, hvar voru lánin tekin og hvað er mikið ógreitt af þessum skuldum?

(B. XLIV, 1).

Nd.

143. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 36, 19. júní 1922, um breyting á lögum um fræðslu barna, frá 22. nóv. 1907.

Flutningsmaður: Magnús Jónsson.

1. gr.

Síðari málsgrein 3. greinar falli burt.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar i stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að tilhlutun stjórnar Prestafjelags Íslands, eftir áskorunum, sem borist hafa frá prestum, og umkvörtunum yfir því, að hjer sje lagt á presta starf, sem sje hvorttveggja i senn alltímafrekt og kostnaðarsamt og á hinn bóginn óskylt því starfi, sem prestar nú hafa, síðan barnafræðslan var falin öðrum mönnum. Er það allvarhugaverð leið að fara út á, að fela embættismönnum störf, sem ekki koma embætti þeirra við, og ekki gott að vita, hvar staðar á að nema á þeirri leið, ef hafin er. Prestar þykja nú ekki hæfir til að kenna börnum nema þeir lúki sjerstöku prófi við kennaraskólann, og er yfirleitt bægt frá því að hafa barnakenslu á hendi, en hjer þykir nógu handhægt að grípa til þeirra, að vera dómamarar um það, sem þeir annars þykja ekki hafa vit til að vinna eða þekkingu.

Samt hafa prestar ekki alment skorast undan að takast þetta á hendur, en hitt er óþolandi, að þeir eigi ekki að eins að vinna þetta verk ókeypis, heldur jafnvel kosta sig til þess, og það á þeim tíma, sem þeim er mjög óhentugur (i fermingarundirbúningnum) og þegar þeir geta ekki jafnframt notað þessa langferð til þess að húsvitja.

(B. XLIII, 1).

Nd.

140. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 55, 28. nóv. 1919, um breyting á lögum 18. sept. 1885, um stofnun landsbanka.

Flutningsm.: Jón A. Jónsson og Jakob Möller.

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Bankastjórar hafa að árslaunum 15000 krónur hver og auk þess dýrtíðaruppbót af allri launaupphæðinni. Þó mega laun og dýrtíðaruppbót samtals aldrei nema meira en 24000 kr. handa hverjum þeirra.

Dýrtíðaruppbótin reiknast eftir ákvæðum laga nr. 71, 28. nóv. 1919, 33. gr. 1. málsgrein.

Bankastjórar mega ekki hafa embættisstörf á hendi, reka sjálfir aðra atvinnu og ekki vera í stjórn atvinnu- eða verslunarfyrtækja.

Bókari og fjehirðir hafa að byrjunarlaunum 5000 krónur hvor, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 300 krónur upp í 6500 kr. Aðstoðarfjehirðir hefir að byrjunarlaunum 4000 krónur, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 300 kr. upp í 5500 krónur. Auk þess hafa hinir síðarnefndu 4000 krónur í mistalningarfje á ári, og ákveður bankastjórnin, hvernig mistalningarfjed skiftist milli aðalfjehirðis og aðstoðarfjehirðis. Fjehirðarnir skulu setja hæfilegt veð, er ráðuneytið tiltekur.

Dýrtíðaruppbót þessara starfsmanna ákveður ráðuneytið, að fengnum tillögum bankastjórnarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda frá 1. jan. 1923.

Greinargerð.

Þar sem nú er fullvist, að ríkisstjórnin hefir ákveðið laun hinna stjórnskipuðu bankastjóra við Íslandsbanka, hefði mátt vænta þess, að hún flytti frumvarp til hækkunar á launum bankastjóra Landsbankans, svo að þau yrðu hlutfallslega lík að upphæð launum hinna stjórnskipuðu Íslandsbankastjóra. Þar sem slíkt frv. enn þá ekki er fram komið, en tími sá, er einstakir þingm. geta flutt frumvörp, án afbrigða frá þingskópum, því nær út runninn, látum við ekki undir höfuð leggjast að flytja þær afarnaðsynlegu breytingar á launakjörum bankastjóra og helstu starfsmanna bankans, sem felast í þessu frumvarpi.

Það er af öllum viðurkent, að bankastjórn hinna stærri banka sje eitt af hinum allra vandasömustu, erfiðustu og ábyrgðarmestu störfum í hverju þjóðfjelagi, og að til þeirra starfa þurfi að veljast afburðamenn.

Þá er og öllum ljóst, að þjóðfjelagið getur ekki vænst þess að fá slíka menn til starfanna, nema launin sjeu talsvert há. Ennfremur er það hverjum manni skiljanlegt, að afleiðingarnar af því, að þessir starfsmenn hafi svo lág laun, að þeir geti ekki lifað áhyggjulausu lífi um elnalega atkomu sjálfra þeirra, *geta* leitt til skaðræðis fyrir bankann og þjóðfjelagið.

Allir eru sammála um það, að bankastjórar stærri banka eigi ekki og megi ekki reka aðra atvinnu, og flestir munu telja óheppilegt og í sumum tilfellum geta orðið hættulegt, að þeir sjeu í stjórn atvinnu- eða verslunarfyrirtækja.

Þeir eiga að láta stofnuninni í tje alla sína startskrafta, enda mun ekki af veita.

Fyrir því er það, að allar þjóðir launa svo bankastjóra hinna stærri banka, að þeir hafi meira en nóg til lífsþarfa, geti jafnvel lagt til hliðar af launum sínum, því það er reynsla allra, að þessir menn endast skemur en aðrir starfsmenn þjóðfjelagsins, og stafar það af hinum sífeldu áhyggjum, sem þeir nauðsynlega þurfa að hafa af starfinu, einnig utan þess tíma, sem þeir eru að störfum í bankanum.

Það mun ekki eiga sjer stað annarsstaðar, að bankastjórar þjóðbankanna sjeu launaðir með ágóðapóknun, og vist er um það, að slík launaaðferð hefir þótt gefast illa á síðustu árum.

Störf þessara bankastjóra eru á engan hátt sambærileg störfum annara starfsmanna og embættismanna þjóðfjelagsins, annara en hinna stjórnskipuðu Íslandsbankastjóra, og geta því á engan hátt miðast við laun þeirra.

Laun bókara og sjeðirða bankans eru sett eftir tillögum bankastjórnarinnar, og um þær tillögur segir bankastjórnin:

»Tillögur þær um launabætur, er hjer um ræðir, snerta ábyrgðarmestu starfsmenn bankans. Störf öll í bankanum hafa vaxið mikið á síðustu árum, og eru þau launakjör, sem hlutaðeigandi starfsmenn eiga nú við að húa, algerlega óviðunandi, sjerstaklega fyrir þá, sem lengi hafa gegnt þeim störfum.

Starfsmenn þessir, eins og flestir aðrir starfsmenn bankans, eru bundnir við vinnu sína allan daginn og oft langt fram á kvöld, og yfirleitt er vinnutími þeirra engum takmörkum bundinn, þó afgreiðslutími bankans sje takmarkaður. Ef launakjörin eru ekki bætt, verður eigi hjá því komist að ljetta störfum af umræddum mönnum, en það mundi bankanum bæði dýrara og óhagkvæmara í alla staði.

Eins og tillögurnar hera með sjer, höfum vjer tekið þann kostinn að leggja að eins til aldurshækkun á föstu laununum frá því, sem nú er, og njóta að sjálfsögðu núverandi starfsmenn hækkunarinnar eftir starfsaldri. En til þess að kjör þeirra geti orðið viðunandi og svari til hinnar miklu ábyrgðar, sem fylgir störfum þeirra, er lagt til, að breyting verði á dýrtíðaruppbóttinni, þannig að hún geti orðið með sama hætti og hún er fyrir aðra starfsmenn bankans. Er dýrtíðaruppbót þeirra nú 80% af laununum. Hefir bankastjórnin valið þá leið í launamáli starfsmanna að hækka sem minst föstu launin, en hafa held-

(A. XVII, 2).

Nd.

144. Nefndarátt

um frv. til laga um afnám yfirskjalavarðarembættisins við þjóðskjalasafn Íslands.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir eigi getað felt sig við frv. þetta í þeirri mynd, sem það er. Hins vegar hafa 4 af 5 nefndarmönnum orðið sammála um að ráða háttv. deild til að sameina yfirskjalavarðarembættið og landsbókavarðarembættið, þegar annaðhvort eða bæði losna næst, og samkvæmar þessu eru þær brtt., er hjer fara á eftir. Störf skjalavarðar og bókavarðar eru naumast svo sundurleit eða óskyld, að eigi finnist maður, sem geti gegnt báðum störfunum, svo að viðunandi sje. Enginn úr nefndinni vill, að embættið sje tekið af núverandi yfirskjalaverði, því að hún viðurkennir öll störf hans í þágu safnsins og íslenskra fræða yfirleitt.

Samkvæmt þessu leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frv. þetta sje samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

a. 1. gr. orðist svo:

Yfirskjalavarðarembættið við þjóðskjalasafnið og landsbókavarðarembættið skulu sameinuð þegar annaðhvort eða bæði losna næst.

b. Á eftir 2. gr. komi ný grein, sem verður 3. gr., svo hljóðandi:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

c. Fyrirsögn frv. orðist svo:

Frumvarp til laga um sameining yfirskjalavarðarembættisins og landsbókavarðarembættisins.

Alþingi, 16. mars 1923.

Jón Þorláksson, Magnús Guðmundsson, Björn Hallsson. Gunnar Sigurðsson.
form. framsögum.

(B. XXI, 2).

Nd.**145. Nefndarátt**um frv. til laga um breyting á lögum nr. 47, 3. nóv. 1915. [*Útflutningur hrossa*].

Frá landbúnaðarnefnd.

Eins og kunnugt er, var ýmsum skilyrðum um útflutning hrossa fyrst skipað með lögum 22. nóv. 1907, og var þá ekki takmarkaður árstíminn, er út mætti flytja hrossin, en að eins ákveðið, að ekki mætti flytja þau á *þilfari* nema frá miðjum júní til ágústmánaðarloka.

Með lögum 3. nóv. 1915 var bannað að flytja hross frá Íslandi til útlanda á tímabilinu frá 1. nóv. til 1. júní.

Tilgangurinn með þessu banni var sá, að hlifa hrossunum við óþægindum í flutningi, þegar illra veðra er von og eins þá er hrossin eru lakast undir hann búin.

Síðan lög þessi voru sett hafa ýms skilyrði breyst til batnaðar, er gera bann þetta ekki eins nauðsynlegt eins og þá var, svo sem stórum bætt flutningatæki, strangt eftirlit og bætt kyn og meðferð hrossa.

Með frv. þessu er landsstjórninni fengin heimild til þess að veita undanþágu frá bannákvæðunum, þegar sjerstakar ástæður eru fyrir hendi. Reynslan hefir sýnt, að undanþágan getur verið nauðsynleg og framkvæmanleg, án þess að hrossunum sje meiri hættu búin en á öðrum árstímum.

Nefndin hefir því fallist á frv. þetta og ræður háttv. deild til að samþykkja það.

Alþingi, 15. mars 1923.

Stefán Stefánsson,
formaður.Pjetur Þórðarson,
framsögum.Pjetur Ottesen,
skrifari.

Björn Hallsson.

Þórarinn Jónsson.

(B. II, 3).

Nd.**146. Breytingartillaga**við frv. til laga um breyting á lögum nr. 52, 28. nóv. 1919. [*Ritsima- og tal-
simakerfi*].

Flutningsm.: Benedikt Sveinsson.

Greinin orðist svo:

Aftan við lagagreininna bætist:

Lína frá Þórshöfn til Skála og frá Þórshöfn til Gunnólfsvíkur.

(B. X, 5).

Nd.

147. Nefndarátt

um frv. til laga um viðauka við lög um vegi, 22. nóv. 1907, nr. 57.

Frá meiri hluta samgöngumálanefndar.

Nefndin hefir athugað frv. þetta, ásamt þeim breyttill., sem fram hata komið við það á þskj. 51, 55 og 69. Nefndin leitadi á lits vegamálastjóra um frv. og breyttill. Lagði hann á móti því, að nokkur breyting yrði gerð á vegalög-unum að svo stöddu. Taldi hann þó breytingu þá, sem frv. fer fram á, ekki ósanngjarna, en sagði, að ef hún yrði að lögum, þá leiddi af henni allmikill kostnaður fyrir rikissjóð, sem myndi nema um 10000 kr. á ári. Breytingartillögumnum kvaðst vegamálastjóri þó vera sjerstaklega mótfallinn.

Meiri hluta nefndarinnar er það fullljóst, að ef frv. verður að lögum, þá leiðir af því nokkur kostnaður fyrir rikissjóð. En þar sem það er sjáanlegt, að það var gloppa á vegalögum, þegar þau voru samin, að telja ekki þennan veg, sem frumvarpið ræðir um, á meðal þjóðvega, þá telur meiri hlutinn rjett, að þessi misfella verði nú leiðrjett, og ræður því háttv. deild til að samþykkja frumvarpið.

Hinsvegar getur meiri hlutinn ekki mælt með því, að breyttill. verði samþykta.

Alþingi, 16. mars 1923.

Sveinn Ólafsson,
form.

Þorsteinn Jónsson,
skrifari og framsm.

Pjetur Þórðarson.

Lárus Helgason.

(B. III, 2).

Nd.

148. Nefndarátt

um frv. til stjórnarskipunarlagu um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, nr. 9, 18. maí 1920.

Frá stjórnarskrárnefnd.

Nefndin hefir athugað og rætt frv. þetta á nokkrum fundum, en ekki getað orðið ásátt um meðferð þess, þótt að samkomulagi hafi orðið að láta að eins eitt nefndarátt koma fram. Nefndin er öll sammála um að flytja brtt. við frv., um að ákveða megi með lögum, að þing skuli haldið annaðhvort ár.

Allir nefndarmenn nema Magnús Pjetursson eru sammála um að leggja til, að þing verði að eins haldið annaðhvert ár, en einungis 2 (Einar Þorgilsson og Magnús Guðmundsson) eru því meðmæltir, að ráðherra sje að eins einn. Þó mundi Magnús Pjetursson geta gengið að þessari breytingu, ef þingum væri ekki fækkað.

Enginn nefndarmanna nema Magnús Pjetursson vill stuðla að frekari breytingum á stjórnarskránni en frv. ráðgerir. Hefir hann því áskilið sjer að koma fram með ýmsar brtt. Þeir Þorleifur Jónsson og Ingólfur Bjarnarson munu og koma fram með brtt. til þess að nema burtu ráðherrafækkun þá, sem frv. ylli, ef að lögum yrði.

Með því að skoðanir nefndarmanna eru eigi líkari en þetta, þykir ritara nefndarinnar eigi rjett eða fært að skýra í áliti þessu frá, á hverju þær eru bygðar, og verður það því að biða umræðnanna um málið.

Allir nefndarmenn hafa komið sjer saman um svo hljóðandi

BREYTINGARTILLÖGU.

Aftan við 5. gr. komi ný málsgr. svo hljóðandi:

Með lögum má ákveða, að Alþingi skuli háð árlega.

Alþingi, 16. mars 1923.

Þorleifur Jónsson,
formaður.

Magnús Guðmundsson,
ritari.

Ing. Bjarnarson,

Einar Þorgilsson.

Magnús Pjetursson,
með fyrirvara.

(B. XLV, 1).

Nd.

149. Frumvarp

til laga um breytingu á lögum nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi.

Flutningsmenn: Sveinn Ólafsson, Þorleifur Jónsson og Lárus Helgason.

4. gr. laganna verði þannig:

Ríkisstjórnin felur forstjóra landsverslunar forstöðu áfengisverslunar ríkisins.

Í samráði við ríkisstjórnina getur forstjóri landsverslunar ráðið mann með lyfsalaprófi til eftirlits með lyfjabúðum og áfengiskaupum þeirra. Hann skal vera ráðunautur landsverslunar um innkaup á nauðsynlegu lyfjaáfengi

og útvegum á lyfjum, umbúðum og hjúkrunargögnum, er talin verða í lyfja-söluskránni og ríkisstjórnin eða lyfjabúðir og lækningar með lyfsöluleysi óska eftir.

Nánari reglur um verkaskiftingu milli forstjóra landsverslunar og eftirlitsmanns lyfjabúða setur ráðherra með erindisbrjefi.

Greinargerð.

Siðan lög um einkasölu áfengis voru sett 1921 hefir gagngerð breyting orðið á áfengissölu í landinu, þar sem svonefnd Spánarvín eru nú orðin að nokkru leyti frjáls verslunarvara. Samtímis hefir sú breyting orðið á um landsverslun, að þar er horfið frá matvöruverslun og að eins verslað með einkasöluvörur ríkisins, steinolíu og tóbak. Eðlilegast og ódýrast virðist því að leggja þessa þriðju vörutegund, sem ríkið hefir einkasölu á, áfengið, einnig undir landsverslun, svo sem í öndverðu var ráðgert af stjórninni 1921, er hún bar fram frumvarp til laga um einkasölu á tóbaki og áfengi samhliða.

Vissulega ætti rekstur einkasöluverslunarinnar að geta orðið ódýrari í einu lagi en tvennu, og engar líkur eru til þess, að landsverslun sje miður fær til að fara með áfengisverslunina en aðrir, sem til þess eru settir. Þörfin á sameiningu vineinkasölnnar við landsverslun er því brýnni, sem litlar líkur eru fyrir fækkun opinberra starfsgreina eða starfsmanna á öðrum sviðum að þessu sinni.

Sú skipun lyfjafræðings til forstöðu áfengisverslunar, sem áfengiseinkasalan frá 1921 gerir ráð fyrir, virðist harla þýðingarlitil, en eftirlitið með lyfjabúðum og læknum þarf engan veginn að vera sameinað þeirri viðtæku áfengiseinkasölu, sem ríkið nú hefir, þótt hjer sje lagt til, að slíkur eftirlitsmaður haldi áfram eins og ráðunautur landsverslunar um kaup og meðferð á lyfjaáfengi, ef stjórnin telur ástæðu til þess.

(B. XLVI, 1).

Nd.

150. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um atvinnu við siglingar, frá 19. júní 1922.

Flutningsmaður: Jón Þorláksson.

1. gr.

b-liður í 4. gr. hljóði svo:

Hefir verið stýrimaður minst 8 mánuði á skipi eigi undir 20 rúmlestum.

2. gr.

g-liður í 7. gr. hljóði svo:

Hefir verið háseti eftir 16 ára aldur minst 36 mánuði á skipum ekki minni en 12 rúmlestir, og af þeim tíma minst 12 mánuði háseti á skipi eigi minna en 20 rúmlestir, eða verið formaður á vjelbát ekki minni en 6 rúmlestir í 24 mánuði og háseti minst 12 mánuði á skipi eigi minna en 12 rúml.

3. gr.

Á eftir 7. gr. laganna komi ný grein, er hljóði svo:

Nú hefir sá, sem undir prófið vill ganga, siglt 36 mánuði, en ekkert eða eigi nógu lengi á skipum stærri en 20 rúml., skal honum þá leyft að ganga undir prófið og fá prófskirteini, standist hann prófið, en þó skal prófnefnd láta þess getið í athugasemd á prófvottorðinu og í prófbókinni, að prófsveinninn hafi eigi siglt nema á skipum undir 20 rúml., eða hafi hann siglt á skipum yfir 20 rúml., þá hve mikinn siglingatíma vanti á þeim.

Út á þetta prófskirteini má veita skipstjóraskirteini samkvæmt 4. gr. með þeirri athugasemd, að það gildi aðeins fyrir skip upp að 20 rúml.

Út á sama prófskirteini má og veita stýrimannsskirteini samkv. 6. gr. með þeirri athugasemd, að það gildi að eins fyrir skip upp að 30 rúml., uns sá, sem í hlut á, færir sönnur á, að hann hafi verið minst 8 mánuði stýrimaður á 20–30 rúml. skipi. Þegar þessu er fullnægt hefir hann náð fullum rjettindum samkvæmt 4. gr.

4. gr.

b-liður í 10. gr. laganna orðist svo:

Hefir verið stýrimaður í 18 mánuði á fiskiskipi, sem er stærra en 30 rúml., eða skipstjóri á skipi stærra en 20 rúml. Þó skal hann undir báðum tilfellum hafa siglt minst 6 mánuði stýrimaður á skipi, sem er stærra en 60 rúmlestir.

Ef ræða er um rjettindi á eimskipi, sem er stærra en 200 rúml., skal hann hafa siglt minst 12 mánuði undirstýrimaður og 6 mánuði yfirstýrimaður á eimskipi, eða 12 mánuði yfirstýrimaður.

Tveggja mánaða undirstýrimannstími jafngildir eins mánaðar yfirstýrimannstíma. Þó skal hlutaðeigandi hafa siglt minst 6 mánuði yfirstýrimaður eða einasti stýrimaður.

5. gr.

b-liður í 12. gr. hljóði svo:

Hefir verið háseti 36 mánuði eftir 16 ára aldur og af þeim tíma *ann-
aðhvort* 12 mánuði háseti á fiskiskipi stærra en 60 rúml. eða 6 mánuði skipstjóri eða stýrimaður á skipi stærra en 20 rúml. og minst 6 mánuði háseti á fiskiskipi stærra en 60 rúml.

Af þessum 36 mánaða siglingatíma skal hann hafa siglt minst 6 mánuði háseti á eimskipi, ef ræða er um rjettindi á eimskipi, sem er stærra en 200 rúmlestir.

6. gr.

Fyrir orðin »30 rúmlestir« í 18. gr. komi: 20 rúmlestir.

7. gr.

Aftan við fyrri málsgrein í 23. gr. bætist: og skal vottorð þetta samþykkt af stjórn eða umboðsmanni þess vátryggingarfélags, sem það eða þau skip voru vátrygð í, sem skipstjórinn var formaður á.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og getur konungur þá gefið lögina, svo breytt, út sem lög um atvinnu við siglingar.

Greinargerð.

Skipstjórafélagið »Aldan« í Reykjavík hefir farið fram á, að gerðar yrðu þær breytingar á lögum um atvinnu við siglingar, sem frv. þetta felur í sjer. Um ástæður fyrir þessu skal vísað til eftirfarandi greinargerðar frá skipstjórafélaginu:

Með tillögum þeim, sem hjer eru bornar fram, á að reyna að fá lögina endurbætt, og skulu hjer færðar ástæður fyrir þeim tillögum, þar sem þurfa þykir.

Við 1. og 6. gr.

Eins og tekið hefir verið fram hjer að framan, mælir 18. gr. svo fyrir, að stýrimann skuli lögskrá á skip stærri en 30 rúml., en í 4. gr. er ætlast til, að stýrimenn sjeu skráðir á öll skip stærri en 12 rúmlestir. Öllum þeim, sem til sjómensku þekkja, kemur saman um, að með öllu sje óþarft að krefjast lögskráðs stýrimanns á 12 rúmlesta báta, fyrst og fremst af því að þeir hafa sjaldan svo langa útivist, að öll skipshöfnin mun yfirleitt vaka útivistartímann, og því eigi um veruleg vökuskifti að ræða. Þau eiga sjer aðallega stað á stærri bátum, sem eru úti í lengri tíma. Þá ber og á það að líta, að ekki ber íslenska vjelbátaútgærðin sig svo vel, að gerlegt sje að íþyngja útgjöld hennar að ástæðulausu, en það yrði henni gert, ef krafist væri að hafa lögskráða stýrimenn á öllum skipum stærri en 12 rúmlestir.

Fyrir því er farið hjer fram á, að stýrimenn sjeu lögskráðir á öll skip stærri en 20 rúmlestir, og í samræmi við það er farið fram á, að 18. gr. sje breytt.

Hugsanlegt er, að þann skilning megi leggja í 4. og 18. gr., að lögina krefjist ekki, að stýrimenn sjeu lögskráðir á minni en 30 rúmlesta skip, en mönnum sje frjálst að lögskrá stýrimenn á öll minni skip. En þá koma þessar 2 spurningar:

1. Er hver útgerðarmaður sjálfráður um, hvort hann lætur lögskrá stýrimann á skip sitt, sem er minna en 30 rúmlestir?
2. Er meiningin sú, að sá, sem vill ná skipstjórarjettindum á smáskipum, skuli biðja útgerðarmann sinn að gera sjer þann greiða að láta lögskrá sig sem stýrimann?

Ef 1. spurningunni er svarað játandi og útgerðarmaður neitar að lögskrá stýrimann, þá sækist seint að ná skipstjórarjettindum á smáskipum.

Og ef síðari spurningunni er og svarað játandi, þá er eigi úr vegi að benda á, að næsta óviðfeldið er að hafa þau lög, sem þvinga menn til að leita á náðir annara.

Báðum spurningunum ætti að verða svarað neitandi. Útgerðarmenn eiga ekki að hafa úrskurðarvald um, hvort lögskráðir stýrimenn sjeu á skipum þeirra; þeir eiga einungis að ráða, hvaða stýrimenn þeir hafa. Og hinu á ekki að hafa lagastaf fyrir, að menn þurfi að snikja sjer út stýrimannsnafn á skipi, sem annars væri ekki hafður stýrimaður.

Við 2. gr.

Það nær engri ált að leyfa mönnum, sem að eins hafa verið á 10–12 rúmlesta vjelbát, að taka að sjer skipstjórn á allt að 60 rúmlesta skipum, eins og mælt er fyrir í umræddum lögum. Fyrir því er farið fram á, að maðurinn hafi siglt nokkurn tíma á eigi minna en 20 rúmlesta skipi. Svo er siglingatíminn og gerður 36 mánuðir, í stað 24 mánaða, og er það í fullu samræmi við siglingakröfur hinna flokkanna.

Siglingatíminn er sist of langur, þótt þetta sje heimtað. Það eru mörg handtökin, sem læra þarf á sjónum, og góður sjómaður verður enginn fyr en eftir alllanga æfingu við ýmiskonar sjóstörf.

Við 3. gr.

Grein þessi er samin vegna þess, að sumstaðar á landinu er allstór vjelbátasloti, og flestir vjelbátarnir þar undir 20 rúmlestum. Þar sem svo stendur á, mundi fjölda manns fyrirmunað að ná smáskipaprófi, ef þeir ættu að hafa siglt á stærri en 20 rúmlesta bátum.

Fyrir því er lagt til, að slíkir menn fái að ganga undir smáskipapróf, en rjettindi þeirra þá takmörkuð með athugasemd á skirteinunum.

Við 4. gr.

Með því að færa hámark smáskipastærðar upp í 60 rúmlestir, þá er um leið mönnum með fiskimannaprófi gert erfiðara en áður var að ná formensku á skipi, af því að þá var miðað við 30 rúmlestir. Eigi verður heldur sjeð neitt því til fyrirstöðu, þó að mennu með smáskipaprófi og fiskimannaprófi eigi jafnan aðgang að 30–60 rúmlesta skipum, að öðru jöfnu. Þeir duglegri og aflasælli verða vitanlega teknir fram yfir þá ónýtari.

Fyrir því er lagt til, að haldið verði sömu hámarksstærð skipa og í siglingaatvinnulögunum 3. nóv. 1915 fyrir fiskimannaprófsmenn.

Við 5. gr.

Hafi maðurinn verið háseti í 36 mánuði eftir 16 ára aldur, þá verður að álita nægjanlegt, að hann hafi verið 12 mánuði háseti á fiskiskipi stærra en 60 rúmlestir. Jafngilt er og talið, hafi maðurinn verið skipstjóri eða stýrimaður á stærra en 20 rúmlesta skipi í 6 mánuði og minst 6 mánuði háseti á fiskiskipi stærra en 60 rúmlestir.

Við 7. gr.

Með viðbót þessari á að fást trygging fyrir því, að menn þeir, sem lokið hafa smáskipaprófi fyrir 1. jan. 1923 og ekki reynst starfi þessu vaxnir, fái ekki að færa stærri en 30 rúmlesta skip.

(B. III, 3).

Nd. 151. Breytingartillaga

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, nr. 9, 18. maí 1920.

Flutningsm.: Þorleifur Jónsson og Ingólfur Bjarnarson.

Fyrstu 4 greinar frumvarpsins falli burtu.
Greinatalan breytist samkvæmt því.

(B. IX, 3).

Nd. 152. Breytingartillaga

við breytingartillögur á þskj. 123 (Vörutollur).

Frá Magnúsi Pjeturssyni.

Við I. Tölulið 2. a. skal orða þannig:

Af allskonar kjöti og kjötmæti, fiski, syltuðum ávöxtum, döðlum, hnetum, ávaxtamauki og kandiseruðum ávöxtum 5 kr. af 10 kg.

(B. XLVII, 1).

Nd.**153. Frumvörp**

til laga um mælitæki og vogaráhöld.

Flutningsmenn: Lárus Helgason og Þorsteinn M. Jónsson.

1. gr.

Hver sú verslun, sem mæla skal varning eða vega, skal til þess nota mælitæki eða vogaráhöld, sem löggilt eru og löglega stimpluð. Tæki þessi og áhöld skulu sæta eftirliti af hálfu stjórnarvalda þeirra, er til þess eru nefnd í lögum þessum; en skylt er engu að síður þeim, er þau tæki nota við afhendingu eða móttöku vöru, að sjá um að þau sjeu rjett.

Öll mælitæki og vogaráhöld, sem notuð eru til þess að ákveða upphæð tollgjalda til landssjóðs, eða til þess að byggja á þeim vottorð um vigt eða mæli, eða og til annars, sem ákveðið kann að verða, skulu vera löggilt og eftirliti háð.

2. gr.

Framkvæmd þessara laga skulu lögreglustjórar hafa á hendi, hver í sinu umdæmi.

3. gr.

Löggilding á mælitækjum og vogaráhöldum fer fram á þann hátt, að stimplað er á þau löggildingarmerki, sem er fangamark Kristjáns konungs X. með kórónu, og auk þess merki, er gefi til kynna, hvaða ár löggildingin hafi farið fram.

4. gr.

Heimilt er hverjum þeim, sem vogaráhöld og mælitæki þarf að nota, að kaupa þau hvar sem best þykir, en eigi skulu þau notuð fyrri en þau hafa verið löggilt af lögreglustjóra eða öðrum, sem hann setur til þess í sinn stað.

5. gr.

Lögreglustjórum er skylt að sjá um, að kaupmenn og kaupfélög noti eingöngu löggilt mælitæki og vogaráhöld, og yfirleitt, að baldin sjeu þau ákvæði, sem sett eru um notkun slíkra tækja. Hann getur fyrirvaralaust látið skoda áhöld og tæki til mælis og vogar hjá öllum, sem þau nota eða nota ber, og rannsakað, hvort fylgt hefir verið rjettilega fyrirmælum laga þessara.

6. gr.

Vörumatsmönnum og löggiltum vigtarmönnum skal skylt að athuga, bæði hvort tæki þau, sem notuð eru, sjeu rjett löggilt og merkt, og hvort tæk-

in i raun og veru sjeu rjett, og ber lögreglustjórum að veita þeim nauðsynlegar leiðbeiningar um það og þann stuðning, sem með þarf.

7. gr.

Fyrir eftirlit þetta samkvæmt lögum þessum ber lögreglustjórum engin sjerstök borgun.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 78, 14. nóv. 1917, um mælitæki og vogaráhöld.

9. gr.

Brot á lögum þessum eða reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt lögnum, varða sektum til landssjóðs, frá 5—200 kr., nema þyngri hegning liggir við að lögum.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er kunnugt, að fjárhagur ríkisins er ekki svo góður, að rjett sje að halda áfram starfrækslu Löggildingarstofunnar. Margar þingmálafundargerðir bera með sjer, að þjóðin vill að þessi stofnun sje algerlega lögð niður; enda virðast þessar óskir þjóðarinnar vera á miklum rökum byggðar. Fyrst og fremst er kostnaðurinn svo mikill, að ef þingi og stjórn hefði verið fyllilega ljóst, hve mikill hann er, þá væri að öllum líkindum búið að leggja stofnunina niður; því þörfin fyrir hana virðist ekki svo mikil, að hún sje svo dýrt kaupandi sem raun hefir á orðið.

Starfræksla þessarar stofnunar hefir einnig verið mjög óheppileg á ýmsan hátt, svo sem það, að ef lítið eitt hefir þurft að lagfæra vog, þá hefir ekki mátt gera við hana á staðnum, heldur hefir verið heimtað að senda hana til Reykjavíkur, svo Löggildingarstofan mætti leggja á hana sínar högu hendur, jafnt fyrir það, þó hver meðalbúhagur maður hefði getað framkvæmt aðgerðina eins vel á litilli stundu. Kostnaður við þessar sendingar vígtanna til og frá Reykjavík hefir orðið mjög mikill, auk þess hve verkið sjálf hefir verið óheyrilega dýrt, og baginn að missa af þeim um langan tíma (oft svo mörgum mánuðum skiftir, jafnvel missirum, t. d. úr Skaftafellss.). Þetta eitt út af fyrir sig væri fullnóg til þess að dauðadæma slíka stofnun.

Ef þörf krefði, væri hægt að benda á fleira, sem mælir með því, að hjer er um nauðsynlega breytingu að ræða, og það því fremur, sem eftirlit með mælitækjum og vogum virðist best komið í höndum lögreglustjóranna; sýnilegt, að ef þörf er á slíku eftirliti af hálfu hins opinbera, þá verður það miklu betur af hendi leyst af lögreglustjórunum heldur en Löggildingarstofunni, og fje landsmanna sparað árlega svo tugum þúsunda skiftir.

(B. XXVIII, 2).

Ed.**154. Nefndarátt**

um frv. til laga um ófriðun sels í Ölfusá.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir nú athugað frumvarp þetta og jafnframt ýmislegt annað, er málefni þetta snertir fyr og síðar. Eftir þessa athugun er nefndin samhuga um að leggja það til við þessa háttv. deild, að frv. verði felt.

Á sýslufundi Árnesinga 1. mars þ. á. kemur það fram, að nefndinni virðist rjett, að athugað sje, hvort ekki sje rjett að setja heimildarlög um ófriðun sels, t. d. með verðlaunum fyrir seladráp.

Þar sem nú til eru heimildarlög gagnvart þessum atriðum, eður lög nr. 24 frá 22. okt. 1912, þá litur nefndin svo á, að við þau lög megi fyllilega hlíta, bæði að því er Ölfusá snertir og aðrar veiðiár landsins, þar sem selur leggst í.

Eftir þeim lögum er ófriðun sels eingöngu innanhjeraðsmál, eins og nefndin telur eðlilegast, enda hefir löggjafarvaldið gengið meir og meir inn á þá braut að leyfa hjeraðsstjórnnum að vera einráðum um það, hvernig þær skipa sinum sjerstöku málum eftir heimildarlögum. Staðhættir eru í ýmsum greinum svo ólíkir á landi hjer, að slik aðferð er ómissandi.

Alþingi, 16. mars 1923.

Guðm. Ólafsson,
formaður.Hjörtur Snorrason,
fundaskrifari.Sigurður Jónsson,
framsögum.

(B. XLVIII, 1).

Nd.**155. Frumvarp**

til laga um breytingu á samkomutíma reglulegs Alþingis.

Flutningsm.: Sveinn Ólafsson og Þorsteinn M. Jónsson.

1. gr.

Reglulegt Alþingi skal jafnan koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði, nema konungur hafi ákveðið annan samkomudag á sama ári.

2. gr.

Alþingi kemur fyrsta sinn saman eftir lögum þessum 1. júlí 1924.

Greinargerð.

Kostir og ókostir vetrarþinga hafa oft verið taldir og vegnir á móti kostum og ókostum sumarþinga. Hefir á ýmsu oltið um þann samanburð. En hvað sem honum líður, þá verður því eigi neitað, að miðvetur er miklu hæpnari samkomutími fyrir Alþingi en miðsumar, og vita allir, sem kunnugir eru vetrarfari á Norðurlandi og austanlands, að þeir isrekavetrar koma öðru hverju, sem hamlað geta öllum skipaferðum á þessum slóðum um lengri eða skemri tíma vetrar og gera allar siglingar með ströndunum hættulegar. Það hefir einnig reynst svo, að vetrarþing hafa eigi lengi verið vinsæl.

Alla þá tíð, sem Alþingi var háð á Þingvelli, eða um 870 ár, var það að sumri haldið. Svo var einnig frá því það var endurreist 1845 alt til 1909, er það í fyrsta sinn var að vetri háð. En að því sinni stóðu vetrarþing að eins til 1911, og var 1912 aftur horfið að sumarþingum, sem síðan hjeldust til 1920, er núgildandi stjórnarskrá batt þinghald við miðvetur, og þó á þann hátt, að breyta mætti þinghaldstíma með einföldum lögum. Segja má því, að skammæ sje reynsla vetrarþinga, en þótt svo sje, þá hefir hún ljóslega sýnt, að á henni eru margir annmarkar, svo sem kostnaðarauki við hitun og lýsingu þinghússins, dýrari, seinni og erfiðari ferðir þingmanna, þunglegri og seínlátari vinnubrögð vegna vetrardrúngans og óhaganlegrar aðstöðu aðkominna, heimilislausra þingmanna og margs annars, sem nánar mun greint í framsögu.

(B. XLIX, 1).

Nd.

156. Frumvarp

til laga um mentaskóla Norður- og Austurlands á Akureyri.

Flutningsmaður: Þorsteinn Jónsson.

1. gr.

Við gagnfræðaskólann á Akureyri, sem eftirleiðis kallast mentaskóli Norður- og Austurlands, skal bætt lærdómsdeild. Hún hefir rjett til að útskrifa stúdenta til háskóla Íslands. Stjórnarráð Íslands semur, í samráði við skólameistara og kennara gagnfræðaskólans á Akureyri, reglugerð handa skól- anum og gefur hana út.

Þangað til sú reglugerð verður samin starfar skólinn með líku sniði, og verða í honum kendar sömu námsgreinar, sem í lærdómsdeild hins almenna mentaskóla í Reykjavík.

2. gr.

Kennarar skólans eru fimm, og er einn þeirra skólameistari. Hefir hann á hendi aðalumsjón með kennurum skólans, nemendum hans, húsum, áhöldum og eignum. Um laun kennara og skólameistara fer sem ákveðið er í launalögum.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi númer 2. gr. laga nr. 20, 9. júlí 1909, um gagnfræðaskólann á Akureyri.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1923.

Greinargerð.

Krafan um stofnun mentaskóla á Norðurlandi er ekki ný, þótt ekki hafi fyr verið á Alþingi flutt frv. um slíkt. Í kringum 1850 var krafist endurreisnar Hólaskóla. Upphafsmaður Möðruvallaskóla, Arnljótur prestur Ólafsson, ætlaðist í fyrstu til, að sá skóli yrði bæði gagnfræðaskóli og stúdentaskóli. Ekki tókst þó að gera Möðruvallaskóla nema gagnfræðaskóla. Fjörutíu árum síðar en hreyft var stofnun Möðruvallaskóla var vakið máls á því í blaðinu »Norðurlandi«, að þörf væri á mentaskóla á Akureyri. Í sama streng tóku þeir og Stefán Stefánsson skólameistari, Guðmundur prófessor Hannesson, Þorkell kennari Þorkelsson og Matthias skáld Jochumsson. Það mun hafa vakað fyrir formælendum þessa nýmælis, að nám væri ódýrara á Akureyri heldur en í Reykjavík, enda má fortakslaut fullyrða, að námskostnaður yfir skólaárið sje 1000 krónum lægri á Akureyri en í Reykjavík. Telja má og dæmi þess, að árlega hafa margir efnilegustu nemendur gagnfræðaskólans á Akureyri sakir dýrtíðar í höfuðstaðnum orðið að hverfa frá mentaskólanámi. Kemur hjer fram hið mesta misrjetti. Deila má um, hvort heppilegt sje, að mjög margir verði stúdentar í landi, sem er jafnfáment og fábrevtt að atvinnuvegum og vort land er, en um hitt verður ekki deilt, að hæfileikar og áhugaefni eiga að ráða því, hverjir verði stúdentar og stunda fá visindanam, en ekki hitt, hvort þeir eiga efnaða vandamenn að eða hvar menn eiga heima á landinu. Samkepni meðal skólanna ætti og að hafa góð áhrif á þá.

Helsta mótbáran gegn frv. þessu verður að líkindum aukinn kostnaður fyrir rikissjóð, en hann ætti ekki að verða jafnmikill og virðast mætti í fljótu bragði. Unglingaskólar ættu að miklu leyti að geta veitt fræðslu gagnfræðadeildar og takmarka tölu nemenda í hinum fyrirhugaða mentaskóla, svo að engum bekk þurfi að skifta. Af því leiðir, að ekki þarf að bæta við nema einni kenslustofu við skólahúsið á Akureyri, og kostar sú viðbót örlítið. Auka verður kenslukrafta skólans, er allir bekkir lærdómsdeildar eru teknir til starfa.

En aukning kenslukraftanna nyrðra ætti ekki að kosta miklu meira en spara má kennara syðra, er norðanmenn hætta að sækja nám í mentaskólanum.

Frumvarp þetta, ásamt framanskráðri greinargerð, er samið af skóla-meistara gagnfræðaskólans á Akureyri og flutt samkvæmt áskorun frá honum og þingmálafundum nyrðra.

(A. XVII, 3).

Nd.

157. Nefndarátt

um frv. til laga um afnám yfirskjalavarðarembættisins við þjóðskjalasafn Íslands.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Meiri hluti allsherjarnefndar hefir horfið að því ráði að mæla með því, að frv. þetta nái fram að ganga óbreytt að aðalefni til, þótt lagt sje til, að með nokkuð breyttu orðalagi sje.

Jeg hefi ekki getað fylgt háttv. meiri hluta í þessu efni, og tel hjer stofnað til svo mikils óráðs og skaða, að jeg vil ráða háttv. deild til þess að fella frv. með öllu, hvort sem er í einum búningi eða öðrum, svo framarlega sem í því felst sú aðal hugsun stjórnarfrumvarpsins, að þessi tvö dýrmætu söfn landsins fái ekki að halda hvort sínum verði og yfirmanni. Skal jeg nú benda á helstu ástæður mínar fyrir þessu.

Í söfnum þessum er saman komið margt af því, sem vjer eigum dýrmætast og óbætánlegast, bækur, sem með öllu eru ófánlegar, og frumrit að skjólum fornum og merkum, sem hverri menningarþjóð þykir sjálfsagt að varðveita sem best, auk þess sem í þessum söfnum er svo mikill auður í krónutali, að ekki tekur tali, hve mikið er undir því komið, að geymsla þessara safna fari sem best úr hendi og vakað sje yfir því með sífeldri árvekni, að þau spillist ekki. En svo er það, að söfnin eru ekki til þess eins að geymast, heldur og til þess, að alþjóð megi verða að sem mestum og bestum notum, en í því efni er engis meiri þörf en verulega góðrar og natinnar umsjónar við söfnin og stjórnar.

Þetta gera flestar eða allar þjóðir sjer far um að hafa í sem allra bestu lagi, og það er með rjettu talið svo, að hverju menningarríki tilheyri að hafa sitt ríkishókasafn, hverju nafni sem það er nefnt, og sitt þjóðskjalasafn, og gæsla þessara safna er falin ágætustu mönnum og þykir með allra fremstu trúnaðarstörfum þjóðanna.

Okkar söfn eru ekki gömul. Landsbókasafnið er rúmrar aldar gamalt, og þó orðið talsvert gott safn og umfangsmikið, eftir okkar mælikvarða. En þjóðskjalasafnið er í raun rjetttri ekki nema um áldarsjórdungs gamalt, því að svo má heita, að núverandi þjóðskjalavörður hafi komið því upp. Þarf varla getum að því að leiða, hvort það mundi nú svo áleiðis komið, ef það hefði verið aukastarf

landsbókavardar að gæta þess. Í því eru nú senn nálægt 30000 bækur og böggjar, og má hver, sem þangað kemur, sjá í fljótu bragði, hvort það er ekki allumfangsmikið. Það fer og hraðvaxandi, því að því hverfa margir straumar. Væri það undarlega dregin ályktun af reynslunni með þetta safn, að komast að þeirri niðurstöðu, að því væri nú jafngott að vera án yfirskjalavardar, þegar búið er að athuga, hver áhrif það hefir haft á vöxt þess og viðgang að hafa yfir sjer yfirskjalavörð um fjórðung aldar. Vex þó jafnan þessi þörf, en minnar ekki, eins og gefur að skilja.

Þegar ræða er um það að sameina forstöðu beggja safnanna undir einum manni, þá er á það að líta, hvort þessi tvö störf sjeu svo lík, að sennilegt sje, að einn maður geti hvorttveggja rækt með árangri.

Bókavörður þarf að vera maður viðsýnn og viðlesinn, bókfróður innan lands og utan, þaukunnugur bókasöfnum og störfum við þau.

Skjalavörður þarf að vera sjerfræðingur í sinni grein, þekkja hvert plagg og hafa þann kærleika til þess, sem í safninu er, sem skapast af því að fást við það og annað ekki.

Það er ekki að eins mismunandi þekkingarsvið, sem af þessum tveim mönnum er krafist, heldur mismunandi eðlisfar.

En auk þess er það algild regla, að menn geta ekki skift sjer milli tveggja eða margra starfa þannig, að þeir ræki bæði eða öll jafnvel. Og það er víst, að í þessu tilfelli, þar sem um svo ólík störf er að ræða, mundi jafnan annað starfið ná hverjum manni á sitt vald, og hitt væri þá vanrækt. Mundi þá forstaða þess safnsins, sem út undan yrði — og það yrði líklega oftast þjóðskjalasafnið, af því það er minna — lenda í höndum aðstoðarmanns við safnið, manns, sem ekki bæri í raun rjettri áhyrgðina á safninu. Slíkur aðstoðarmaður gæti að visu, ef vel til tækist, annast nokkurnveginn daglega afgreiðslu á safninu, og væri þó heppilegra að skjalaverðir þeir væru ekki alveg eins skammæir í starfinu og reynslan hefir oft orðið um aðstoðarmenn við landsbókasafnið og vonlegt er, sakir illra launakjara. En um alt framtak fyrir safnið og brennandi áhuga á því væri þá úti, þegar það væri orðið að hálfgildings útibúi frá landsbókasafninu. Mundi skjalasafnið eða landsbókasafnið eða þau bæði án efa verða fyrir miklu meira tjóni af sameiningu þessari heldur en því, sem nemur launum þjóðskjalavardarins.

En auk þess, að fjarstæða er að halda, að maður fáist, sem jafnvígur sje á bæði þessi óskyldu störf landsbókavardar og þjóðskjalavardar, og hafi jafnmikinn áhuga fyrir báðum störfunum, þá eru þessi störf nú svo, að hvort um sig þarf alla krafta eins manns. Hver, sem nokkuð þekkir til safnanna, veit, að nú eins og er vantar mikið á, að störfum safnanna sje vel annað, og eitthvað annað en fært sje að fækka mönnum og minna vinnukraftinn við söfnin. Það er óhugsandi og óhæfilegt, enda kemur ekki til neinna mála að hafa minna en tvo menn við skjalasafnið. Því að bæði er erfitt og ekki vel heppilegt að hanna svo lærðum mönnum, eins og skjalaverðir hljóta að vera, eigi nokkuð líð að vera í þeim, að stinga niður penna og lofa öðrum að njóta fróðleiks sins, enda þurfa einhverjir að vinna að útgáfum, sem á rannsóknum á skjalasöfnum byggjast, ef á

annað borð er ekki stefnt beint að því að hætta allri bókmentaviðleitni — og svo er óhætt að segja það, að þó að tveir menn störfuðu af kappi í heilan mannsaldur eingöngu í safnsins þarfir í þrengstu merkingu, þá væri samt nóg starf eftir handa öðrum tveimur í næsta mannsaldurinn. Það er ákaflegt verk, næstum að segja ótæmandi verk, að koma skjalasafninu í lag. Og þá, þegar svo er ástatt, á að svifta það forstöðunni, og helst að heyra, að varla eigi einu sinni að láta neinn koma í skarðið. Þá er ekki heldur kvartað undan of miklum mannafla á landsbókasafninu, heldur þvert á móti.

Þessi tvö söfn eru nú undir einu þaki, og það er líklega það, sem gerir öll þessi undur, að menn taka nú að imynda sjer, að hjer sje í raun rjettri ekki nema um eina stofnun að ræða. En nú er að því komið, að hvorugt þessara safna fer að komast fyrir í húsnæði sinu. Landsbókasafnið þarf á öllu húsinu að halda og mun innan skams rýma öllu öðru þaðan, enda ráð fyrir því gert þegar í byrjun, að svo mundi bráðlega fara. Verður mönnum þá ef til vill ljósara, að ekki muni hægt að sameina báðar þessar stöður, sem hjer er rætt um, enda ánægjan af sameiningunni þá helst sú að heiðra þann mann, sem myndað hefir þetta dýrmæta safn og aukið svo mjög með áhuga sínum og bjargað slíkum sæg merkilegra hluta frá því að glatast eða fara úr landi, heiðra hann að lokum með því að telja starf hans óþarft og ekki nema mátulegan viðbæti við annað, allerfitt embætti.

Alþingi 1919 hafði þetta sama mál til meðferðar. Kom það þá í mentamálanefnd, og lagði hún eindregið á móti, enda var það þá felt með heiðri og sóma. Nú hefir öðrúvísi tekist til um undirtektir þingnefndar, en vonandi er, að hið háa Alþingi geri ekki íslenska ríkinu þá hneisu, það menningartjón og þann fjárhagslega skaða, sem afnám þjóðskjalavarðarembættisins væri. Að vísu má búast við því, að þetta embætti yrði tekið upp aftur bráðlega, því að nauðsyn þess kemur strax í ljós, er það er afnumið, en lítill væri þá heiður þessa þings, að hafa svo hlaupið á sig, þvert ofan í fengna reynslu um viðgang safnsins áður en það fjekk sinn sjerstaka yfirmann og síðan.

Að tala um sparnað í þessu sambandi er varla sæmilegt. Það, sem sparadist, er mismunur launa reglulegs þjóðskjalavarðar og aðstoðarmanns, og þegar það er skoðað í sambandi við góða eða ljelega stjórn á söfnum, sem kosta miljónir og eru enda óbætanleg, þá er vonandi, að hið háa Alþingi gefi þeirri fjármálastefnu sinn rjetta vitnisburð.

Alþingi, 17. mars 1923.

Magnús Jónsson,
fundaskrifari allshn.

(B. L, 1).

Nd.**158. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 11, 18. maí 1920, um þingmannakosning í Reykjavík.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Alþingismenn Reykjavíkur skulu vera 7. Þegar þannig hafa bætst við þingmenn, breytist tala þeirra, er skipa neðri deild Alþingis.

2. gr.

Á eftir 6. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. Kjörfund skal setja eigi síðar en kl. 10 árdegis.

b. Kosning má fara fram á svo mörgum stöðum í bænum sem bæjarstjórn telur nauðsynlegt. Má þá skifta kjósendum í kjördeildir eftir bæjarhlutum eða eftir stafrófsröð á kjörskrá. Heimilt er að láta tvær eða fleiri kjördeildir kjósa í sama húsi, en sjeu tvær eða fleiri kjördeildir í sama herbergi, skulu þær vera skýrt aðgreindar með auglýsingum og gengið frá kjörklefum samkvæmt ákvæðum kosningalaga.

Nú er bænum skift í kjördeildir eftir bæjarhlutum, og skulu þá kjósendur kjósa í kjördeild þess bæjarhluta, þar sem þeir eiga heimilisfang eftir kjörskránni, þótt þeir sjeu fluttir á annan stað í bænum, þegar kosning fer fram.

Þá er kosningu er slitið í einni kjördeild, skal kjörstjórn þeirrar kjördeildar þegar í stað afhenda kjörstjórn næstu kjördeildar kjörskrárnar. Geta þá þeir kjósendur, sem áttu eftir að greiða atkvæði, fengið að kjósa þar.

3. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda við næstu almennar kosningar til Alþingis.

Greinargerð.

Frv. um sama efni var flutt á Alþingi 1921, og visast til ástæðna fyrir frv. í Alþt. 1921, A. bls. 531—532.

(B. LI, 1).

Nð.

159. Frumvarp

til laga um kosning þingmanns fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

Flutningsm.: Einar Þorgilsson og Jón Baldvinsson.

1. gr.

Hafnarfjarðarkaupstaður skal vera sjerstakt kjördæmi og hafa 1 alþingismann. Þegar þannig hefir bætst við þingmaður, breytist tala þeirra þingmanna, er skipa neðri deild Alþingis.

2. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda við næstu óhlutbundnar kosningar.

Greinargerð

fyrir frv. er að finna í Alþt. 1922, A. bls. 188.

(B. LII, 1).

Nð.

160. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 56, 10. nóv. 1913. [*Herpinótaveiði*].

Flutningsm.: Jón Sigurðsson og Magnús Guðmundsson.

1. gr.

2. málsg. 1. gr. orðist svo:

Sömuleiðis er sýslunefnd Skagafjarðarsýslu heimilt að gera samþykkt um sildveiði með herpinót á Skagafirði innan línu milli syðri enda Þórðarhöfða, norðurenda Drangeyjar og þaðan sömu stefnu á Skaga.

2. gr.

Í stað »500 kr.« í 6. gr. komi: 3000 kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir áskorun almenns hjeradsfundar á Sauðárkróki, og er ástæðan sú, að þeir, sem fiskveiðar stunda á Skagafirði, eru þess fullvissir, að herpinótaveiði innarlega á firðinum spilli mjög fiskigöngu á innanverðum firðinum, og kemur þetta sjerstaklega hart niður á Sauðárkróksbúum, sem stunda veiði inst á firðinum.

(B. LIII, 1).

Nd.

161. Frumvarp

til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að veita ýms hlunnindi fyrirhugudum nýjum banka í Reykjavík.

Flutningsmenn: Jakob Möller, Pjetur Ottesen, Hákon J. Kristótersson, Þórarinn Jónsson, Þorl. Guðmundsson, Benedikt Sveinsson, Einar Þorgilsson og Lárus Helgason.

1. gr.

Ráðuneytinu heimilast að veita fyrirhuguðu hlutafjelagi, sem þeir Eggert bóndi Benediktsson í Laugardælum, Gunnar konsúll Ólafsson í Vestmannaeyjum, Morten kaupmaður Ottesen í Reykjavík, Sigurður hæstarjettarmálaflutningsmaður Sigurðsson í Reykjavík og Þórður kaupmaður Sveinsson í Reykjavík eru nú í framkvæmdarnefnd fyrir, hlunnindi handa banka, er fjelagid ætlar að stofna í Reykjavík, þau er hjer segir:

- a. Bankanum skal heimilt að reka sparisjóðsstörf samkvæmt 4. gr. laga nr. 44, 3. nóv. 1915, og hafa rjett til þess að innkalla handhafa sparisjóðsbóka samkvæmt 2. gr. sömu laga.

Ef viðurkenning fyrir innláni glatast, getur bankinn einnig innkallað handhafa hennar með sama hætti.

- b. Fje það, sem lagt hefir verið í bankann, ásamt vöxtum þess, er undanskilið kyrrsetningu og löghaldi.
- c. Bankinn hefir sem handvedshafi rjett til þess að selja sjálfur veðið við opinbert uppboð, en að öðru leyti samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í lögum um veð, 4. nóv. 1887, 1. gr.
- d. Bankinn er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast, þar á meðal til rikissjóðs og sveitarsjóðs eða annara stofnana. Í þess stað skal bankinn gjalda í rikissjóð hluta af hreinum ársarði sinum, sem ákvedst þannig:

Frá ársarðinum dragist fyrst hæfileg fjárhæð til afskriftar af væntanlegu bankahúsi og innanstokksmunum, þar næst beint áfallið tap bank-

ans og síðast 15% af hlutfjönu til varasjóðs og 5% til hluthafaarðs. En af því, sem þá verður eftir, greiðist ríkissjóði:

2 $\frac{1}{2}$ % af fyrstu 50 þús. kr.

5% af öðrum 50 þús. kr.

7 $\frac{1}{2}$ % af þriðju 50 þús. kr.

10% af fjórðu 50 þús. kr. og

15% af því, sem þá verður fram yfir.

Hlunnindin samkvæmt lögum þessum haldast fyrst um sinn þann tíma, sem nú er eftir af hlunnindatíma Íslandsbanka, samkvæmt lögum nr. 11, 7. júní 1902, og auglýsingu nr. 48, 25. nóv. 1903.

- e. Bækur bankans, ávisanir, skuldbindingar, sem útgefast af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrjett, arðmiðar, hlutabréf bankans og framsöl þeirra, skulu undanþegin stimpilgjaldi.

2. gr.

Hlunnindi þau, sem ræðir um í 1. gr., ná einnig til útibúa þeirra, sem bankinn kann að setja á stofn.

3. gr.

Hlunnindi þau, sem í 1. gr., sbr. 2. gr., segir, eru þessum skilyrðum bundin:

- a. Hlutfje bankans má eigi vera minna en 2 miljónir og eigi meira en 6 miljónir króna, og skulu að minsta kosti 55% hlutfjárins boðin út innanlands í hálf t ár eftir að lögin öðlast gildi. Meiri hluti bankastjórnar (bankaráðs) sje Íslendingar, búsettir á Íslandi.
- b. Bankinn skal hafa heimili og varnarþing í Reykjavík.
- c. Ráðuneytið skipar einn af þrem endurskoðendum bankans.
- d. Bankinn skal jafnan hafa í auðseldum verðbrjefum, er ráðherra tekur gild, sem svarar 10% af sparisjóðsfje því, sem hann geymir hverju sinni, til tryggingar því.
- e. Reikninga bankans skal birta opinberlega á þann hátt, sem leyfisbrjef segir til.
- f. Bankinn má ekki lána fje gegn trygging í hlutabréfum sjálfs sín.
- g. Bankinn skal taka til starfa fyrir árslok 1924.
- h. Ráðuneytið getur sett bankanum frekari skilyrði í leyfisbrjefinu, ef þörf þykir, enda fari þau ekki í bága við lög þessi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Skylt frumvarp þessu, um stofnun þriðja bankans hér á landi, kom fram á Alþingi 1920, en varð ekki ráðið til lykta sakir tímaskorts, þótt frumvarpið hefði mikið fylgi. Einasta mótbára, sem þá kom fram, var sú, að hjer- verandi bankar væru fullkomlega einfærir um viðskiftin, þannig að ef þörf væri aukins veltufjár, gætu þeir auðveldlega aflað þess.

Síðan 1920 hefir mikil breyting á orðið í þessu efni sem mörgu öðru, er viðkemur viðskiftum. Þótt núverandi bankar hafi gott lánstraust erlendis, hefir Alþingi engu að síður orðið að heimila nýjar lántökur til þess að afljetta peningakreppu í landinu.

Það er því bersýnilegt, og um það blandast engum hugur, að hér er skortur veltufjár, og þó einkanlega í erlendum gjaldeyri. Reynslan hefir sýnt, að allar lántökur eru torveldar og lánin dýr. Ríkið verður að taka á sig ábyrgð lánanna og greiða háa vöxtu af þeim.

Ef þetta frumvarp nær fram að ganga, yrði farin alt önnur leið til þess að auka veltufjeð, og jafnframt dregið úr svokölluðum »lausum skuldum« landsmanna erlendis, en þessar skuldir eru aðallega taldar hafa óhagkvæm áhrif á gengi íslenskra peninga.

Þeir peningar, sem inn í landið koma við stofnun þessa banka, eru látnir af hendi án nokkurrar ábyrgðar hins opinbera. Hluthafar einir bera ábyrgð á þeim og alla áhættu. Bankinn mundi að eins starfa með hlutafje sinu og ef til vill (að minsta kosti er tímar liðu fram) með sparisjóðsfe, sem hvorttveggja fengist með vægari kjörum en lánsfe það, sem nú er óðfluga gripið til. Það eru því líkur til þess, að bankinn yrði fremur til að lækka for- vexti en hækka þá.

Öðrum hönkum, sem hér eru starfandi í landinu, ætti að geta orðið beinn styrkur að þessum nýja banka, með því að hann gæti ljett af þeim við- skiftum, er þeir eiga óhægt með að annast, og á þann hátt stutt að því, að þeir gætu betur og óskiftari sint þeim kröfum, sem þeir vildu helst láta sitja í fyrirrúmi og telja fyrst og fremst í verkahring sínum að styrkja með lán- veitingum.

Í frumvarpi þessu er í raun og veru ekki að ræða um nokkur for- rjettindi, því að hér er ekki farið fram á meiri rjettindi, heldur þvert á móti minni, en samskonar stofnun hefir nú að lögum, og þetta sjerleyfi á ekki að standa lengur en Íslandsbanki nýtur sinna rjettinda.

Frumvarpið áskilur Íslendingum forkaupsrjett að fullum helmingi hlutafjárins ákveðinn tíma, en síðan megi selja afganginn erlendis, og er þar með heimiluð undanþága frá núgildandi hlutafjelagslögum; þó tryggir frum- varpið Íslendingum ætíð yfirstjórn bankans.

Stjórn bankans mundi verða í höndum bankaráðs, er hagaði þannig störfum sínum, að það svo að segja daglega tæki þátt í öllum ákvörðunum um lánveitingar og aðra starfsemi bankans.

Um blutafje til þessa fyrirhugaða banka skal þess getið, að erlendis hefir verið unnið að undirbúningi hlutafjársofnunar til bankans, og hafa undirtektir reynst svo góðar, að full ástæða er til að ætla, að nægilegt fje fáist.

(B. II, 4).

Ed. 162. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 52, 28. nóv. 1919. [*Ritsma- og talsmakerfi*].

(Eftir 3. umr. í Nd.)

Aftan við lagagreinina bætist:

Lína frá Þórshöfn til Skála og frá Þórshöfn til Gunnóltsvíkur.

(C. V, 2).

Ed 163. Þingsályktun

um húsnæði fyrir opinberar skrifstofur í Reykjavík.

(Afgreidd frá Ed. 17. mars).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að hefja nú þegar samningaumleitaniir við stjórn Landsbankans um að fá til umráða þann hluta af hinu nýja húsi bankans, er hann sjálfur þarf ekki að nota, en landsstjórnin hins vegar kynni að hafa þörf fyrir til skrifstofuhalds o. fl. í þarflir ríkisins.

(A. XI, 6).

Nd. 164. Viðauka- og breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á fátækralögum frá 10. nóv. 1905.

Frá Magnúsi Pjeturssyni.

1. Við 3. gr.

Á eftir greininni komi 2 nýjar greinar, svo látandi:

- a. Ef þurfalingur fer eftir læknisráði á geðveikrahæli, gamalmennahæli eða sjúkrahús, annað en holdsveikraspítala, þá greiðir framfærslusveit hans $\frac{2}{3}$ hluta meðlagskostnaðarins, þar með talin lyf og læknishjálp, þó aldrei yfir 400 krónur á ári. Að öðru leyti greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði,

Alþt. 1923. A. (35. löggjafarþing).

en ekki gildir ákvæði þetta nema fyrir 4 sjúklinga á ári úr sama sveitar-
eða bæjarfjelagi. Þessi lagafyrirmæli gilda einnig um þá sjúklinga, sem
komið er fyrir utan heimilis sins, þótt ekki sjeu þeir á þeim stöðum,
sem að ofan eru greindir, ef lækni telur slíkt nauðsynlegt.

Um berklaveika sjúklinga fer eftir því, sem ákveðið er í lögum um
varnir gegn berklaveiki, að svo miklu leyti sem þau lög fara í bága við
þessa grein.

Engan þann styrk, sem veittur er samkv. þessari grein, en undir
meðlagskostnað telst lyf og læknishjálp, má skoða sem sveitarstyrk.

- b. Nú er manni, sem á framfærslurjett hjer á landi, veittur sveitarstyrkur
erlendis, og er þá framfærslusveit hans skylt að endurgjalda þann styrk,
alt að 400 kr. um árið. Það, sem þar er fram yfir, greiðist úr rikissjóði.
Sömuleiðis greiðist úr rikissjóði allur kostnaður við flutning þess þurfa-
manns og skylduliðs hans frá útlöndum alla leið til framfærslubreppsins,
ef til slíks flutnings kemur.

Styrkur samkvæmt þessari grein og næstu grein á undan er ekki
afturkræfur.

2. Við 4. gr.

Greinina skal orða svo:

Með lögum þessum eru úr gildi feldar 32., 36., 37., 77. og 78. gr.
fátækralaganna frá 10. nóv. 1905. Sömuleiðis lög nr. 61, frá 27. júní 1921,
um breytingu á þeim lögum, og önnur ákvæði, sem koma kunna í bága
við lög þessi.

(B. LIV, 1).

Nð.

165. Framvarp

til laga um breyting á lögum nr. 41, 11. júlí 1911, um breyting á lögum nr.
57, frá 22. nóv. 1907, um vegi.

Flutningsmenn: Eiríkur Einarsson og Þorl. Guðmundsson.

Rikissjóður kostar viðhald flutningabrautarinnar frá Reykjavík austur
um Ölfus og Flóa að Þjórsárbrú.

Kostnaður við viðhald Ölfusárbrúar og Þjórsárbrúar greiðist einnig úr
rikissjóði.

Greinargerð.

Það er langt síðan því var fyrst breyft af hálfu þeirra hjerada, sem hlut eiga að máli, að viðhaldskostnaður flutningabrautarinnar austur Ölfus og Flóa ætti að rjettu lagi að hvíla á ríkissjóði. Frumvörp í þessa átt voru fyrir þingi 1911 og síðan 1914, en náðu ekki framgangi, og heiman úr hjeradi, frá Árnesingum, hefir krafan um þetta orðið ákveðnari með ári hverju. Sýslunefnd og þingmálafundur Árnesinga hafa nú ár eftir ár krafist þess, að viðhaldskostnaðinum verði ljett af sýslufjelaginu, og síðasta og allra ákveðnasta tillaga í þá átt var samþykkt í einu hljóði á síðasta fundi sýslunefndarinnar, í lok fyrra mánaðar.

Þó að þessu áhugamáli Árnesinga hafi enn eigi orðið framgangs auðið á Alþingi, erum við flutningsmennirnir vissir um, að það á fullan rjett á sjer, einkum eins og nú er komið með brautina og not hennar.

Með vegalögum 1907 var viðhaldsskyldan á Flóabrautinni lögð á herðar Rangæingum að $\frac{1}{3}$ hluta, en frá 1. janúar 1914 var þessu breytt á þann veg, að Árnesingar urðu að takast á hendur viðhald brautarinnar, einnig að þessum $\frac{1}{3}$ hluta. Þótt viðhaldskafli landssjóðs væri þá lengdur frá Reykjarjettum í Ölfusi austur fyrir Ingólfsfjall, vakti sú breyting óánægju, að vegarviðhaldinu milli Ölfusár og Þjórsár skyldi vera breytt til þyngingar Árnesingum, frá því sem áður var ákveðið, þótt Rangæingum hinsvegar væri þess vel unt að vera þar lausir mála.

Þá er á það að líta, að vegagjöld Árnesinga eru orðin svo þungbær skattur hjeradsbúum, að þeir fá ekki rönd við reist. Staðhættir margskonar, aðstaðan til höfuðstaðarins o. fl. veldur því, að þar hefir orðið nauðsynlegt að leggja meira fje til vegagerða og vegaviðhalds en í nokkurri annari sýslu landsins. Hafa útgjöld sýslusjóðsins farið hraðvaxandi ár frá ári upp á síðkastið, jafnframt því sem geta almennings til að inna þær kvaðir af höndum hefir minkað. Nægir þar að geta þess, að síðasta ár voru greiðslur úr sýslusjóðnum nær 25 þúsund kr. til vegabóta. Ef engu verður af ljett, munu þessar upphæðir enn aukast, og þótt frv. til laga um sýsluvegasjóði næði framgangi, eru byrðarnar svo miklar engu að síður, að þær eru sýslufjelaginu ofætlun.

Það yrði of langt mál að lýsa hjer hinu langa og kostnaðarsama veganeti sýslunnar, en aðeins skal þess getið, að samkv. skýrslu frá skrifstofu vegamálastjóra eru flutningabrautir sýslunnar, þær er hún verður nú þegar að standa straum af, að viðbættum þeim, sem þegar eru gerðar, en óafhentar sýslufjelaginu enn sem komið er, en henni ætlaðar, um 62 km. að lengd, en svo bætist við hin fyrirhugaða flutningabraut frá Brúará að Geysi, 27 km. Auk þess eru akfærir sýsluvegir langir og kostnaðarsamir þar í sýslu. Ætti þetta að nægja til að sýna, hvert bákn og ofraun vegirnir eru að verða Árnesingum, og kemst þar ekkert sýslufjelag til jafns við, þótt fleiri eigi fult í fangi. Það yrði því nóg eftir handa sýslunni, þótt veginum frá Ingólfsfjalli austur að Þjórsá verði ljett af, en sá kafli er á lengd um 21,5 km. En sú ástæðan, sem í þessu máli ætti að vera drýgst á metunum og tryggja frv. greiðan framgang, er enn ótalin. Vegarkaflinn, sem hjer er æskt að ríkissjóður taki að sjer, er miklu meira notaður af öðrum en Árnes-

ingum. Í sýslunni eru 16 hreppar, en nú verður ekki sagt, að Flóabrautin sje kaupstaðarleið fleiri en 4 eða 5 hreppanna, og nokkuð þeirrar leiðar, hið næsta Þjórsá, þó enn færri, og austasti spölurinn er einungis kaupstaðarleið þeirra, er austan yfir Þjórsá koma. Hinsvegar er allur þessi vegur kaupstaðarleið svo að kalla allra Rangæinga, annara en þeirra, sem versla við kaupfjel. Hallgeirseyjar. Sama er að segja um umferðina með rekstra til slátrunar, nema hvað not Rangæinga verða þar enn meiri.

Höfum við hjer aðeins drepit á umferðina af hálfu hjeraðsmanna austanfjalls, en eigum eftir að minnst á það, sem allra mestu veldur um slit og viðhaldspörf brautarinnar, en það er *bifreiðaumferðin*. Þeir, sem húa í nánd við veginn, verða þess fljótt varir, hvaða umferðar gætir mest á þeim slóðum. Það eru tvímælaust bifreiðarnar. Eftir að vegir verða bilfærir að vorinu, og fram á vetur, eru bifreiðarnar langtíðustu vegfarendurnir á flutningabrautinni, og það svo mjög, að önnur vegferð verður sem að engu í þeim samanburði. Flóabrautin er því fyrst og fremst orðin þjóðleið í orðsins fylstu merkingu, alfaravegur og greiðasta og langfjölfarnasta gata höfuðstaðarbúa, er þeir leita að sumrinu út úr bæjarrykinu til segurri og heilnæmari staða, og þar eru þeir á rjettri leið. — Þessu til skýringar viljum við benda á skýrslu vegamálastjóra um vegfarendur á austurleiðum, er þingið á kost á að kynna sjer, og sannast þar með talningu, er fram hefir farið, hve umferðin hefir aukist stórkostlega hin síðustu árin, og er þar vart um aðra en Reykvíkinga að ræða, því að ekki fjölgar Árnesingum svo, að þeir lækki þessa tiltölu.

Það er því þannig komið, að bifreiðarnar, Reykjavíkurbifreiðarnar, mæða margfalt meira á þessum vegarkafila en umferð Árnesinganna, er verða að greiða kostnaðinn, sem slitið hefir í för með sjer, slit af notum þeirra farartækja, er vegirnir voru aldrei gerðir fyrir. Væntum við því, að slíkt sanngirnismál sem frv. þetta verði auðsött.

Væntum við ennfremur, að það verði athugað, er mál þetta kemur til úrslita, að við Árnesingar höfum afarilla aðstöðu til að nota ríkisstyrk til strandferða, sem nú er orðinn allriflegur árlega — hafnleysurnar austanfjalls sjá fyrir því —, og að því fremur verði hjeradinu rjett hjálparhönd að þessu leyti.

Viðhaldskostnaður stóirbrúanna finst okkur sjálfsagt, að sje samferða vegunum.

(B. LV, 1).

Ed.

166. Frumvarp

til laga um friðun Þingvalla.

Flutningsmenn: Jónas Jónsson og Guðm. Guðfinnsson.

1. gr.

Árið 1930 skulu Þingvellir verða friðlýstur helgistaður Íslendinga.

Friðlýsta svæðið nær frá Almannagjá að Hrafnagjá og frá Þingvallavatni að Meyjarsæti.

2. gr.

Fram að 1930 ræður þriggja manna nefnd yfir hinu friðlýsta svæði fyrir hönd landsstjórnarinnar. Í nefnd þessari eiga sæti þjóðmenjavörður, sagnfræðingur sá, er ritar sögu Alþingis, og forseti Búnaðarfélags Íslands. Nefndarmenn skulu starfa kauplaust.

3. gr.

Nefnd þessi kallast Þingvallanefnd. Verkefni hennar er að undirbúa friðun Þingvalla fyrir þúsund ára hátíð Alþingis. Nefndin hefir landsdrottins vald yfir öllum þjóðeignum í Þingvallasveit. Ekki má reisa nein ný hús eða mannvirki á þessum jörðum fram að 1930, nema með leyfi nefndarinnar og byggingarfræðings landsins.

4. gr.

Þingvallanefndin selur aðgang að hinu friðlýsta svæði, 1 kr. fyrir hvern fullorðinn mann hinn fyrsta dag, og minna fyrir lengri dvöl, eftir því sem reglugerð mælir fyrir. Öllum aðgangseyri og öðrum tekjum, er fást af hinu friðlýsta svæði, skal verja til að girða Þingvallabraun, til skóggræðslu þar og til að koma völlum aftur í sitt forna horf.

5. gr.

Þingvallanefndin ræður umsjónarmann, er dvelur á Þingvöllum meðan auð er jörð hvert ár. Umsjónarmaðurinn hefir umsjón með hinu friðlýsta svæði fyrir hönd nefndarinnar og á ábyrgð hennar. Hann skal hafa leyfi til, eftir því sem reglugerð ákveður nánar, að neita aðgöngu að Þingvöllum mönnum, sem eru ölvaðir eða með ruddalega framkomu í þinghelginni.

6. gr.

Þingvallanefndin semur reglugerð, er stjórnin samþykkir, bygða á lögum þessum, þar sem nánar er ákveðið um verndun Þingvalla.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar i stað.

Greinargerð.

Það mun vera almennur þjóðarvilji að friða Þingvöll sem helgistað þjóðarinnar. Nú nálgast sá tími, þegar haldið verður þúsund ára afmæli Alþingis. Væri þá hin mesta hneisa fyrir íslensku þjóðina, ef helgistaðurinn væri í megnustu vanhirdingu og niðurlægingu. Frumvarp þetta gerir kleift að

undirbúa fulla friðun Þingvalla 1930, án þess að baka landssjóði nokkur veruleg útgjöld, heldur láta Þingvallagesti borga aðgöngugjald næstu ár, sem varið verði til umbóta á Þingvöllum.

Þeir þrir menn, sem gert er ráð fyrir að sæti eigi í nefndinni, eru sjálfkjörnir fulltrúar. Einn vegna fornleifarannsóknanna, annar vegna hiuna sögulegu minninga, hinn þriðji vegna skógræktar þeirrar, sem verður að framkvæma á friðlýsta svæðinu.

(B. LVI, 1).

Ed.

167. Frumvarp

til laga um afnám laga nr. 6, 13. júlí 1918, um eftirlaun handa Birni banka-
stjóra Kristjánssyni.

Flutningsmaður: Jónas Jónsson.

Lög nr. 6, 13. júlí 1918, eru úr gildi numin.

Greinargerð.

Þegar litið er á fjármálaástandur landsins, eins og þær eru nú, virðist ein-
sætt að spara á þeim liðum, þar sem landsfje er eytt án þess að ástæður sjeu
knýjandi. Þingið 1918 veitti B. Kr. ellistyrk með sjerstökum lögum. Þau lög má
vitaskuld afnema með öðrum lögum. Þegar ellistyrkur þessi var veittur, munu
þingmenn hafa skilið styrkþega svo, að hann væri blásnauður maður, og bygt á
því aðgerðir sínar. Síðan hefir komið í ljós efi um, að sá grundvöllur hafi verið
rjettur. Og ef styrkþegi skyldi í rauninni vera með rikari mönnum á landinu,
eins og alment er álitid að hljóti að vera, er um leið fallin burtu sú ástæða, sem
mun hafa ráðið atkvæðum margra þingmanna, þegar lög þessi voru gerð.

(B. LVII, 1).

Ed.

168. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi, nr. 91, 14. nóv. 1917.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

13. gr. orðast svo:

Hvern þann manna, er hitst hefir ölvaður, er heimilt að leiða fyrir

dómara, eða hreppstjóra, ef ekki næst til sýslumanns. Skal hinn ölvaði sæta sektum fyrir hvert brot, er samsvarar vikutekjum hans það ár.

2. gr.

Þrir fyrstu liðir 14. gr. orðast svo:

Fyrir hvern líter af óleyfilegu áfengi, sem búið er til hjer á landi eða flutt inn, skal sá, sem slíkt áfengi finst hjá, greiða 100 krónur í sekt, og auk þess upphæð, er svarar mánaðartekjum hans það ár. Fyrir að versla með áfengi skal sá, er brotlegur verður, gjalda 200 krónur í sekt fyrir hvern líter af ólöglegu áfengi, sem finst í vörslum hans eða sannast að hann hafi selt. Auk þess skal hann gjalda í sekt fyrir hvert brot, er sannast, eins árs tekjur sínar, eins og gera má ráð fyrir, að þær hafi verið undanfarið ár.

Greinargerð.

Nú horfir svo við um áfengisvarnir hjer á landi, að þeim verði ekki við komið um stund nema að tvennu leyti:

1. Að hindra innflutning og tilbúning sterkra drykkja.
2. Að halda í skefjum opinberu ölæði, sem nú gerist alltítt, m. a. í höfuðstaðnum.

Hjer er gert ráð fyrir sektum fyrir þessi brot, sem telja má sennilegt að auðveldara yrði að framfylgja heldur en hinum eldri sektarákvæðum, sem hingað til hafa verið í gildi. Sú aðferð, að láta sektina fara eftir efnum hinna brotlegu, hefir verið reynd sumstaðar erlendis viðvikjandi bannlagabrotum, og gefist vel. Viðvikjandi aðstöðu hreppstjóra til að kveða upp dóma í þessum einföldu málum verður talað í framsögu.

(B. LVIII,*1).

Ed.

169. Frumvarp

til laga um vaxtakjör landbúnaðarins.

Flutningsmenn: Jónas Jónsson, Einar Arnason, Guðm. Guðfinnsson, Guðm. Ólafsson og Sigurður Jónsson.

1. gr.

Þá er lánsstofnanir þær, er landið ræður yfir beint eða óbeint, aðrar en veðdeild eða Ríkisveðbanki, veita lán til atvinnurekstrar í sveitum, skulu útlánsvextir vera $\frac{1}{6}$ lægri en til samskonar fyrirtækja í kaupstöðum og kaup-
túnnum, nema fjenu eigi þar að verja til jarðræktar.

2. gr.

Lögin öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Svo er til ætlast, að ef frumvarp þetta nær fram að ganga, þá nái lögin bæði til Landsbankans og Íslandsbanka. Enginn vafi er á um vald þingsins til að mæla þannig fyrir um þann banka, sem landið á sjálft. En nú sem stendur leggur landið Íslandsbanka yfir 10 milljónir kr. af veltufje hans, bæði í sedlum og beinu lánsfje. Landið hefir að lögum meiri hluta í stjórn bankans (bankaráðinu), þar sem þar sitja 4 trúnaðarmenn þjóðarinnar, kosnir af Alþingi, en fulltrúar hluthafanna ekki nema 3. Þar að auki skipar landsstjórnin nú tvo af þrem framkvæmdarstjórum bankans. Þarf því ekki nema yfirlýstan vilja Alþingis til að knýja þessa trúnaðarmenn þess til að stýra Íslandsbanka í þessu efni samkvæmt landslögum, þó að hann sje enn talinn að vera eign hlutafjelags.

Krafan um lægri vexti landbúnaðinum til handa er ekki sprottin af löngun til að gera þeim atvinnuvegi yfirleitt hærra undir höfði heldur en atvinnurekstri í kauptúnunum. Krafan er blátt áfram rjettlætiskrafa. Vextir íslensku bankanna eru svo háir, sem raun ber vitni um, af því að sjávarútvegurinn og verslun með sjávarafurðir eru í einu arðsamar, en mjög hættumiklar atvinnugreinar. Töpin á þeim atvinnurekstri eru svo tíð og stórfeld, einkum í seinni tíð, að bankarnir hafa neyðst til að miða vextina við áhættuna. En þessi áhættunundur nær ekki til fasteignalána, því að enginn verulegur munur á að geta verið á milli slíkra lána, hvort sem tryggingin er jörð í sveit eða hús í kaupstað.

Reynslan hefir sýnt undanfarið, og aldrei fremur en hin síðustu missiri, að áhætta við lán til atvinnurekstrar í sveitum á Íslandi er mjög lítil. Fyrst og fremst er mjög lítið af fjármagni landsins bundið í lánum til sveitamanna, og það er á allra vitorði, að á þeim lánum hefir aldrei orðið verulegt tap. Það er þess vegna fullkomið ranglæti að láta hin hættulausu lán bera slysatrygginguna fyrir hin ótryggu lán, sem veita verður til hættumikilla atvinnugreina.

Frumvarp þetta er byggt á þeim skoðunarhætti, sem frá alda öðli hefir legið til grundvallar fyrir vaxtahæð lána. Því meiri áhætta, því hærri vextir. Því minni áhætta, því lægri vextir.

Sumir kynnu að halda, að erfitt yrði fyrir bankastjórnir að gera þann mismun, sem hjer er farið fram á, eftir atvinnuvegum. En svo mun ekki vera. Enginn bankastjóri á að veita lán, nema hann viti nokkurn veginn, til hvers lánið á að nota og hver maðurinn er, sem lánið fær. Og þessi þekking er einhlít til þess, að lög um mismunandi vaxtakjör eftir áhættu ættu að geta náð tilgangi sínum.